

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



Reykjavík 24. ágúst 2015  
UST201508-101/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Umsögn um áætlun um að reisa rétt við Hengladalaá í mynni Reykjadal

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus er barst 17. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um áætlun um að reisa fjárrétt við Hengladalaá í mynni Reykjadal. Erindinu fylgja ljósmyndir og bréf.

#### Náttúruminjar


Svæðið sem áætlað er að reisa fjárrétt á er á svæði á náttúruminjaskrá sem er nr. 752 í skránni, Hengilssvæðið. Um Hengilssvæðið segir í náttúruminjaskránni: Stórbotið landslag, og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti. Einnig er skv. aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010 – 2022 hverfisvernd á svæðinu.

#### Útivist


Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem fjárréttin er áætluð á er nýtt sem útivistarsvæði og er afar vinsælt sem slíkt. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að útivistargildi svæðisins sé haft í huga við framkvæmdir og það verði forðast allt óþarfa rask. Einnig bendir stofnunin á að þar sem um mikilvægt útivistarsvæði er að ræða er mikilvægt að öll umgengni í réttum sé til fyrirmyndar og tillit sé tekið til þess að gróður er afar viðkvæmur á svæðinu. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að ekki verði stundaður óþarfa akstur vélknúinna farartæki á svæðinu á meðan á réttum stendur.

#### Framkvæmdin

Í erindi skipulags- og byggingarfulltrúa kemur fram að væntanleg fjárrétt verður gerð úr timbri og verður steypa ekki notuð við verkið. Réttin verður byggð skv. teikningu Ólafs Dýrmundssonar. Framkvæmdin er talin afturkræf. Nú þegar hefur verið gerður malarpúði á staði fjárréttar sem er 1700 m<sup>2</sup>. Umhverfisstofnun ítrekar að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask á svæðinu.

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri